

REGLUR

um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. í kafla 3.5. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðnings-
fjölskyldna fatlaðra barna, verður svohljóðandi:

Í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði er í slíkum rekstri heimilt að færa til
frádráttar 90 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 200 kr. fyrir hvern
veittan hádegis- eða kvöldverð. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir
fæði samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og
eignarskatt, öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. október 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 26. september 2005.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.